

# Skýrsla stjórnar SUT

Starfsárið 2012-2013



## **Formaður stjórnar:**

Gestur G. Gestsson Advania

## **Meðstjórnendur:**

Ágúst Einarsson EMR

Björn Ólafur Ingvarsson CCP

Daði Friðriksson Tölvumiðlun

Haukur Hannesson AGR

Hrannar Erlingsson WISE

Magnús Norðdahl LS Retail

## **Tengiliður við SI**

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir

**Við lok starfsárs 2012-2013 eru innan SUT, Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja, 45 fyrirtæki, bæði stór og smá, sem starfa á fjölbreyttum vettvangi upplýsingartækniiðnaðar.**

Velta út frá ISAT númerum er um 50 milljarðar. Fjöldi skráðra fyrirtækja í greininni eru um 700 með u.þ.b. 3500 starfsmenn og því ljóst að lítil eða engin starfsemi er í mörgum þeirra. Áætlað er að virk fyrirtæki í greininni séu um 200 talsins.

Stjórnin hefur haldið alls 10 fundi á árinu og tekið þátt í einum fundi tækni- og hugverkagreina innan SI þar sem farið var yfir stöðu og stefnu þeirra átta starfshópa sem teljast til geirans.

Starfsár SUT mótaðist að stórum hluta af því að nýr formaður tók við kyndlinum hjá SUT og alþingiskosningum og nýjum meirahluta á þingi í framhaldi af þeim.

Í kjölfar alþingiskosninganna var lögð áhersla á að draga fram eftirfarandi hagsmunamál SUT og koma þeim skýrt og skilmerkilega til nýrrar ríkisstjórnar með kynningarfundum með þingflokkinum.

1. **Aukið samstarf við stjórnarsýslu og löggjafarvald** er nauðsynlegt til að tryggja viðgang og vöxt greinarinnar með hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi.
2. **Skortur á starfsfólki stendur vexti greinarinnar fyrir þrifum** og er ein stærsta hindrun þess að reka upplýsingatæknifyrirtæki hérlendis.
3. **Samstarf útflutningsfyrirtækja** í hugbúnaðariðnaði út frá klasahugmyndafræði.
4. **Gjaldeyrishöft, skattar og miklar hagsveiflur draga úr samkeppnishæfni** íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum vettvangi og hefur SUT áhyggjur af því að þróunin verði sú að fyrirtæki flytjist úr landi þegar fram líða stundir.

Þessir kynningarfundir hefðu þurft að vera fleiri og jafnvel sértækari. Hugsanlega þarf SUT að breyta nálgun eða uppleggi fundanna þar sem meiri hefð virðist vera fyrir að einstaka hagsmunamál séu rædd.

## Aukin samkeppnishæfni UT-iðnaðarins

Það þarf að verða sameiginlegt markmið Íslendinga að öll umgjörð UT iðnaðarins sé á pari við það besta sem þekkest í Evrópu. Við státum af góðum innviðum þegar kemur að tæknivæðingu, aðgengi að grænni orku og höfum töluverða sérstöðu þegar kemur að hugbúnaðargerð í tengslum við grunnavinnuvegina. Fjarlægð frá mörkuðum, starfsskilyrði og löggjöf sem er um margt ábótavant, setja greininni aftur á móti nokkrar skorður.

- Eftirfarandi eru dæmi um umgjörð atvinnugreinarinnar sem færa þarf til betri vegar: Endurbæta löggjöf og vinnuferli yfirvalda vegna afdráttarskatta vegna sölu í löndum án tvísköttunarsamninga og átak í fjölgun tvísköttunarsamninga við erlend ríki.
- Styrkja- og endurgreiðsluumhverfi vegna rannsóknar- og þróunarvinnu.
- Koma á skattaafslætti vegna fjárfestinga í frumkvöðlafyrirtækjum á sviði UT.
- Sértækar breytingar gerðar á útlendingalöggjöf þannig að upplýsingartæknifyrirtæki eigi hægara um vik að ráða erlent starfsfólk.
- Aukið fjármagn í tækni- og raunvísindagreinir innan háskólanna til að bæta úr skorti á vinnuafli.
  - Fáist ekki innlent vinnuafli munu fyrirtæki vera tilneydd að flytja starfsemi sína að hluta til eða alfarið til annarra landa.
  - Aftur hefur fjölgað í raunvísindagreinum í háskólum en sárlega vantar aukið fjármagn í málaflokkinn til að skólarnir geti annað eftirspurn nemenda.
- Bætt hagtölugerð til betri ákvörðunartöku.

SI og fleiri aðilar hafa unnið að mörgum þessara þátta í nokkurn tíma. Enn er þó nokkuð í land með að væntur árangur náist og verkefnið því ærin á næsta ári.

## Betri verkaskipting

Samstarf um breytta verkaskiptingu milli opinberra aðila og sjálfstæðra fyrirtækja með betri nýtingu á almannafé að leiðarljósi.

- Stuðlar að „betri þjónustu fyrir minna fé“.
- Örvar nýsköpun fyrirtækja.
- „Hugverk“ í eigu fyrirtækis á samkeppnismarkaði nær að margfalda virði sitt en nýtist eingöngu viðkomandi stofnun sé það í eigu opinberra aðila.
- Styrkir opinbera stofnun í að einbeita sér að kjarnaverkefni stofnunarinnar.
- Dregur úr samkeppni milli hins opinbera og atvinnulífsins um takmarkaðan fjölda hæfs starfsfólks.

Verkefni sem unnið hefur verið að í mörg ár. Það byggir á samtakamætti stjórnsýslunnar og erfitt hefur verið að ná því í gegn vegna hinna fjölmörgu sílóa þó að skilningurinn og loforðin séu til staðar.

## Íslandsstofa og samstarf UT fyrirtækja í útflutningi

Skýrslan „Efling útflutningsfyrirtækja í hugbúnaðariðnaði með klasahugmyndafræði“ kom út í janúar 2013 og var gerð í samstarfi Íslandsstofu og SUT. Í framhaldi af opnum kynningarfundi þar sem helstu niðurstöður skýrslunnar voru kynntar var stofnaður stýrihópur um verkefnið.

Fyrsti viðburðurinn sem hópurinn stóð fyrir var „**Hraðstefnumót hugbúnaðarfyrirtækja**“ sem haldið var í júní s.l. Markmiðið með þátttöku fyrirtækja var að;

- Greina möguleika á samstarfi við önnur íslensk hugbúnaðarfyrirtæki í markaðssókn erlendis.
- Byggja á einfaldan og fljótlegan hátt upp tengsl við fjölda íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja í útflutningi.
- Skoða hvort grundvöllur sé fyrir því að auðvelda lífið með almennri samvinnu við önnur fyrirtæki.

Þá var ákveðið að efna til fundaraðar um markaðs- og sölumál upplýsingatæknifyrirtækja. Fyrsti fundurinn, „**Samstarf fyrirtækjanna á erlendum markaði**“ var haldinn í byrjun október og annar fundurinn um „**Tengslamyndun á erlendum markaði**“ var haldinn í lok nóvember.

## Þátttaka SUT í viðburðum

### UT messan

[UTmessan](#) verður haldin í fjórða sinn 7. og 8. febrúar 2014 í Hörpunni. Að UTmessunni stendur Skýrslutæknifélagið (Ský) í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands og Samtök iðnaðarins (SUT, IGI og SSP). Tilgangur messunnar er að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækninnar og áhrifum hennar á einstaklinga, fyrirtæki og íslenskt samfélag. Á messunni 2013 voru fjórðu Upplýsingatækniverðlaun Ský veitt og hlaut Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, verðlaunin að þessu sinni.

### BOXID – framkvæmdakeppni framhaldsskólanna

[BOXID](#) var haldið í þriðja sinn 9. nóvember s.l. en keppnin er haldin af SI, HR og Sambandi íslenskra framhaldsskólanema. Allir framhaldsskólar landins geta tekið þátt í forkeppni en átta lið komast áfram í

lokakeppnina. Markmiðið er að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði. Aðkoma og þátttaka fyrirtækja úr ólíkum iðngreinum er lykillinn að keppninni en átta fyrirtæki taka þátt í hvert sinn og hanna þraut sem tengist starfsemi þess. Þau SUT fyrirtæki sem hafa tekið þátt eru Mentor og Betware 2011, Marorka og Skema 2012 og Marorka, Skema og TM Software 2013.

### WorldSkills og Skills Iceland

SUT í samvinnu við 3f, félag um upplýsingatækni og menntun, sendi dómara til að dæma í hugbúnaðar keppnisgreininni á alþjóðlega mótinum WorldSkills s.l. sumar. Markmiðið var að kynnast keppnisgreininni þannig að hægt verði að setja upp áþekka keppni á Íslandsmóti iðn- og verkgreina, Skills Iceland, sem haldið er annað hvert ár. Um þessar mundir er verið að kanna forsendur þess að setja upp slíka keppni á Íslandsmótinu sem haldið verður 6.-8. mars 2014. Sólveig Friðriksdóttir UT kennari Verslunarskólans og stjórnarmaður 3f hefur forgöngu um þetta verkefni en hún var fulltrúi okkar á WorldSkills s.l. sumar.

## Stjórnir og vinnuhópar sem SUT á fulltrúa í

### Hátækni- og sprotavettvangur - HSV

Markmið vettvangsins er að vinna að eflingu starfsskilyrða og uppbyggingu tækni- og hugverkafyrirtækja á Íslandi. Þar eiga tækni- og hugverkahóparnir innan SI beint samstarf við fulltrúa forsætisráðuneytisins, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins og velferðaráðuneytisins. Fulltrúi SUT í vettvangnum er Ágúst Einarsson, TM Software.

### ICEPRO

Icepro er hlutlaus samstarfsvettvangur opinberra aðila, einkafyrirtækja og lausnaraðila um rafræn viðskipti. Á aðalfundi Icepro í febrúar s.l. tók Hrannar Erlingsson, WISE, sæti í stjórn félagsins f.h. SUT.

### Íslandsstofa – fagráð

Fagráð hugverkaiðnaðar er skipað af Íslandsstofu en leitað er til Samtaka iðnaðarins eftir tilnefningum. Stjórn Íslandsstofu hefur skipan ráðsins á sinni ábyrgð og að þessu sinni eiga þrjú fyrirtæki innan SUT sæti þar (Marorka, Trackwell, Tölvumiðlun og Vaki) auk tveggja starfsmanna SI.

## Hvernig getum við gert betur?

Nokkur umræða hefur átt sér stað innan stjórnar um þátttöku fyrirtækja í því starfi sem fer fram innan SUT. Því fleiri sem fyrirtækin í SUT eru því meiri líkur eru á því að stjórnvöld og aðrir aðilar taki mið af áherslumálum samtakanna. Tengslanetið og það samstarf sem byggist smátt og smátt upp er einnig mikils virði.

Styrkur samtaka eins og SUT liggur að stórum hluta í þátttöku aðildarfyrirtækjanna og þannig er virkni félagsmanna ein af forsendunum fyrir árangri. Ég hvet því fyrirtækin til að vera virka í þessu samstarfi og koma þannig skilaboðum iðnaðarins betur á framfæri.

*Vonum að við náum að koma þessum boðskap á framfæri og að árangurinn verði stærra og sterkara SUT.*

Gestur G. Gestsson

formaður SUT og framkvæmdastjóri Advania